



# Helstu áhersluverkefni í Háskóla Íslands 2014-2015

Starfsáætlun – drög fyrir fund háskólaráðs 2. október

## Framkvæmd *Stefnu Háskóla Íslands 2011-2016*:

### 1) Rannsóknir og nýsköpun

- Markviss nýliðun í hópi ungra vísindamanna á öllum fræðasviðum fyrir tilstilli Aldarafmælistjóðs.
- Eftirfylgni stefnu um opinn aðgang að rannsóknaniðurstöðum og lokaverkefnum. Þróun opins rafræns varðveislusafns og verklagsreglna.
- Efling stoðumhverfis nýsköpunar og hagnýtingar rannsóknaniðurstaðna:
  - Uppbygging Vísindagarða HÍ í samvinnu við Reykjavíkurborg, Alvogen o.fl.
  - Efling Hagnýtingarsjóðs og Hugverkanefndar HÍ fyrir tilstilli Aldarafmælistjóðs.
  - Aukinn stuðningur við einkaleyfaumsóknir og stofnun sprotafyrirtækja. Leitað til erlendra og innlendra sérfræðinga um ráðgjöf í málefnum nýsköpunar.
- Auka vitund um möguleika og gildi nýsköpunar á öllum fræðasviðum.
- Aukin stoðþjónusta við sókn í erlenda samkeppnissjóði.
- Átak til eflingar rannsóknahverfis, s.s. með nýjum tækjakosti, bættri stoðþjónustu og betra aðengi að gagnagrunnum, m.a. fyrir tilstilli Aldarafmælistjóðs.

### Þróunar- og samstarfsverkefni

- Aukið samstarf við innlendar rannsóknastofnanir, fyrirtæki, söfn og háskóla, s.s. með því að virkja enn betur samstarfssamninga (Landspítalinn, Matis, Hafrannsóknastofnun, Hjartavernd, Íslensk erfðagreining, Þjóðminjasafn Íslands, Nýsköpunarmiðstöð, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Keldur o.fl.) og með auknu samstarfi íslenskra háskóla.
- Aukin þverfræðileg samhæfing og samnýting krafta innan HÍ og efling samstarfs við atvinnulíf í víðum skilningi (fyrirtæki, menningarstofnanir, skólar, félagskerfi, heilbrigðisþjónusta, íþróttahreyfing o.fl.). Sérstök áhersla lögð á endurnýjanlega orku, málefni norðurslóða, fjarkönnun, sjávarútveg, ferðaþjónustu, miðaldarfræði, rannsóknir á grunnstoðum íslensks samfélags, heilbrigðismál og hag viðkvæmra hópa, lífvísindi, íþróttufræði, þróunarsamvinnu, jafnréttismál, tækni-hugvísindi-listir o.fl.
- Aukin þverfræðileg samvinna stúdenta, t.d. vegna hönnunar og smíði kappakstursbíls (Verkfræði- og náttúruvísindasvið), Heilsutorg háskólanema (Heilbrigðisvísindasvið) o.fl.
- Aukið samstarf við erlenda háskóla og rannsóknastofnanir í fremstu röð. Áhersla á að virkja enn betur samninga við Kaliforníuháskólana, Caltech, Stanford, Purdue, University of Wisconsin, Cornell háskóla, Karolinska, háskólana í Kaupmannahöfn, Árósum, Ósló og Helsinki, Peking- og Tsinghua háskóla í Kína o.fl.
- Stefnumótun í málefnum alþjóðasamskipta.
- Efling Rannsóknasetra HÍ á landsbyggðinni. Stefnumótun til framtíðar.
- Samstarf við menntastofnanir í næstu nágrennalöndum – Grænlandi og Færeyjum.

### 2) Nám og kennsla

- Aðgangspróf fyrir háskólastig: Áframhaldandi þróun og innleiðing.
- Síðustu 8 deildir fara í innri úttekt skv. áætlun Gæðaráðs háskóla haustið 2014.
- Heildarúttekt á HÍ skv. áætlun Gæðaráðs háskóla fer fram 2014-2015.

- Viðbrögð og eftirfylgni með sjálfsmatsskýrslum deilda og HÍ í heild.
- Samstarf við Landssamband íslenskra stúdenta (LÍS) um þjálfun nemenda sem taka þátt í gæðamati.
- Efling Kennslumiðstöðvar til að þjónusta deildir í tengslum við gæðastarf.
- Úttekt á árangri sameiningar KHÍ og HÍ og gæðum kennaramenntunar. Eftirfylgni. Leiðir fundnar til að efla enn frekar kennaramenntun og gera námið eftirsóknarverðara.
- Innleiðing nýrra kennsluhátta, m.a. með nýtingu nýrrar tækni. Þróun og nýting netnámskeiða (m.a. massive open online courses, MOOC).
- Aukið samstarf fræðasviða og deilda. Umbætur á húsnaði vegna breyttra kennsluhátta.
- Átak til að fjölga nemendum í tilteknum greinum til að mæta þörfum samfélags – verkfræði, raungreinar, kennaramenntun, menntun raungreinakennara fyrir framhaldsskólastig o.fl.
- Endurskoðun reglna um inntökuskilyrði í grunnnám, m.a. í ljósi aðgangsviðmiða í deildir sem sett hafa verið og breytinga á skipan náms til stúdentsprófs sem hafa orðið og verið er að innleiða í framhaldsskólum.
- Aukin eftirfylgni með niðurstöðum kennslukannana og niðurstöður gerðar sýnilegri.
- Samræming vinnuframlags og námseiningamats.
- Samþætting rannsókna og kennslu á öllum námsstigum.
- Bætt greining og miðlun tölulegra upplýsinga um nemendur, námsframvindu og námsárangur.
- Kerfisbundnar viðhorfskannanir meðal nemenda á öllum námsstigum. Fylgst reglubundið með afdrifum brautskráðra nemenda. Gögn m.a. nýtt fyrir innlandan og erlendan samanburð á kennslugæðum.

### 3) Mannauður

- Áhersla á að ljúka stofnanasamningi við Félag prófessora við ríkisháskólana og fleiri félög.
- Áhersla á ljúka endurskoðun á kjörum og starfsskilyrðum stundakennara.
- Starfsumhverfiskönnun lögð fyrir í annað sinn í október nk. Eftirfylgni og umbætur í samræmi við niðurstöður fyrri könnunar.
- Markviss fræðsla og þjálfun stjórnenda, m.a. með fundum og námskeiðum.
- Áhersla á að bæta enn frekar móttöku nýliða
- Auka þjónustu við erlent starfsfólk
- Tengd störf á milli fræðasviða, deilda og helstu samstarfsaðila (e. *joint appointments*).
- Eftirfylgni með ákvörðun háskólaráðs vegna skýrslu um Stöðu og þróun jafnréttismála við HÍ 2008-2011.
- Breytt skipulag Stúdentaráðs nýtt til aukins samstarfs við stúdenta á vettvangi deilda, fræðasviða og HÍ í heild.

### 4) Ábyrgð gagnvart samfélagi og umheimi

- Áframhaldandi innleiðing sjálfbærni- og umhverfisstefnu HÍ: Átaksverkefni á völdum sviðum.
- Skipuleg uppbygging hollvinastarfs.
- Nýting og menntun mannaúds í fjölmeningarsamfélagi, m.a. með því að hvetja innflytjendur í auknum mæli til náms í HÍ.
- Áframhaldandi miðlun vísinda til ungs fólks.

### Skipulag og stjórnkerfi

- Stjórnkerfi styrkt (skipurit samræmd, verklagsreglur, gæðahandbók, stoðþjónusta efld, verka- og ábyrgðarskipting miðlægt og á fræðasviðum samræmd o.fl.).

- Endurskoðun á erindisbréfum deildarforseta og formanna námsbrauta.
- Úttekt á skipulagi og verkefnum stofnana innan HÍ.

## Fjármál

- Fjárlög 2015 – áherslur HÍ og eftirfylgni. HÍ fái greitt fyrir alla nemendur við skólann og skrásetningargjöld skili sér óskert.
- Aldarafmælistjóður: Í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar er kveðið á um að fylgt verði ákvæðum samnings um Aldarafmælistjóð varðandi stefnumótun um fjármögnun til ársins 2020. Mennta- og menningarmálaráðherra hefur staðfest að vinna við stefnu um fjármögnun 2016-2020 hefjist á haustmisseri 2014.
- Fjármögnun HÍ til framtíðar – markmið og leiðir. Átaksverkefni skilgreind.
- Styrktarsjóðir: Finna leiðir til að virkja betur úthlutunarmöguleika Styrktarsjóða HÍ til eflingar starfsemi skólans.
- Áhersla á niðurfellingu virðisaukaskatts á rannsóknatækjum, niðurfellingu fjármagnstekjuskatts á styrktarsjóði HÍ, skattaafslátt vegna gjafa.
- HÍ beiti sér gegn boðaðri lækkun fjárveitinga Norrænu ráðherranefndarinnar til Norræna eldfjallasetursins (hluti Jarðvísindastofnunar HÍ) 2014-2016.
- Fjármögnun túlkanáms, sem háskólinn tók að sér að beiðni stjórnvalda.
- Deililíkan endurskoðað til að auðvelda þverfræðilegar áherslur.

## Byggingarverkefni og nýframkvæmdir

- Hús Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.
- Nýbygging Heilbrigðisvísindasviðs á LSH-svæðinu.
- Þarfagreining fyrir Menntavísindasvið.
- Húsnæðismál Verkfræði- og náttúruvísindasviðs.
- Hús íslenskra fræða.

## Upplýsingamiðlun

- Fundir (háskólaráð, fundir rektors og fræðasviðsforseta, fundir fræðasviðsforseta á sviðum og í deildum, deildarfundir, fundir rektors með deildum og öðrum starfseiningum, opnir fundir rektors).
- Ytri og innri vefur. Fréttabréf, fundargerðir og önnur miðlun upplýsinga. Árlegt *Tímarit HÍ*.
- Kynningarátak um vísinda- og nýsköpunarstarf í HÍ.
- Bætt miðlun tölulegra upplýsinga.
- Átak við þýðingu lykilskjala á ensku og við enskan vef.